



Borgarráð

Svar við framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heildarkostnað við blað um uppbyggingu íbúða í borginni

Á fundi borgarráðs þann 5. desember 2019 var lögð fram eftirfarandi framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um heildarkostnað við blað um uppbyggingu íbúða í borginni:

Fyrirspurn í framhaldi á svari við kostnað upplýsingabæklings. Fram kemur í svari við fyrirspurn um kostnað á upplýsingabæklingi að markmiðið með honum var að auka þekkingu uppbyggingaraðila. Borgarfulltrúi Flokks fólksins spyr af hverju auka þarf þekkingu uppbyggingaraðila með þessum hætti? Væru rafrænar upplýsingar ekki betri og ódýrari leið til þess? Að greiða á 9. milljón til að auka þekkingu uppbyggingaraðila er fyrir ofan skilning borgarfulltrúa Flokks fólksins. Er ekki hægt að auka þekkingu byggingaraðila með öðrum ódýrari hætti t.d. með því að setja upplýsingarnar á netið?

Svar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara:

Húsnæðismál eru ein stærstu áskorun samtímans. Það á við á landsvísu og á sveitastjórnarstiginu. Uppbygging fasteigna í Reykjavík er umfangsmikið verkefni sem veltir tugum milljarða á ári enda um mikilvæga hagsmuni íbúa að ræða. Til þess að uppbygging gangi sem skyldi þurfa uppbyggingaraðilar á húsnæðismarkaði að hafa góðan aðgang að upplýsingum um þarfir á markaði, fyrirhugaða uppbyggingu og stöðu uppbyggingaverkefna. Þetta gefur þeim færi á að tryggja að þeirra verkefni séu á réttum stað, á réttri stundu og fyrir réttan kaupendahóp.

Mikið er til af margvíslegum upplýsingum á netinu. Þannig er t.d. kynningarheftið, kynning borgarstjóra og húsnæðisáætlun borgarinnar aðgengileg á netinu. Einnig má finna upplýsingar um ýmis verkefni í fundargerðum borgarinnar sem eru opnar og aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar.

Vegna umfangs og mikilvægis verkefnisins er brýnt að vanda til verka við kynninguna, bæði hvað varðar innihald og sýnileika. Því var ákveðið að fara þessa leið, þ.e. taka saman helstu gögn, flokka þau, skipuleggja og dreifa þeim með samræmdum hætti.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig

